

Fundur 20.5.2024 Sigurður Haukur Guðjónsson.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

*Já góða kvöldið.*

Sigurður Haukur Guðjónsson,

*Vertu hjartanlega velkominn.*

Pakka ég fyrir.

*Ég var fermingardrengur hjá þér í Langholtskirkju á sínum tíma.*

Já gleður það mig sannarlega, það er gott að heyra, já það er orðið langt um liðið og margir vinir og kunningjar, ég er hér staddur í þessari stöð, var sent út þetta síðasta samband, en hef ég nú í hyggju að veita ykkur samband við ykkar stöð aftur og vona að mér takist það, en nokkur átök eiga sér stað.

Og hefur mér fundist það mjög fróðlegt að starfa við þessa stöð og er það aðeins með naumindum að mér er leyft það, þar sem hlýðni mín við bókstafinn er ekki nákvæmlega fullkomin að þeirra mati, en engu að síður starfa þau hér á hnetti þar sem heiðin trú er mjög öflug og öflugri heldur en kristni og þeirra gyðinglegu trúarbrögð og verða því að gera málamiðlanir.

Þykir mér mikilvægt að segja ykkur þá sögu hvernig stöð þessi var yfirtekin fyrir nokkrum árum af kristnum öflum og er hún ein örfárra slíkra stjörnusambandsstöðva á þessum hnetti sem þjóna þeirra kenningum og hagsmunum.

Var hún ekki fullbyggð og er hún heldur ekki á eins háum stað og æskilegt er fyrir slíkar stjörnusambandsstöðvar, var hún upphaflega byggð sem annars konar þjónusta og var hún ekki fullbyggð þegar innrásar liðið kom og lauk við byggingu hennar og tók í sína þjónustu.

Já Sigurbjörn Einarsson er hér öflugur og senda þau út, en nokkur sambönd eru þó fróðleg og lýsa þeirra lífi.

Hér var áður samband við helstefnu hnött, þar sem þjóningar voru miklar og Keisarar og Biskupar byggja sér miklar hallir á þeim helstefnu hnetti, en sleppið þið við það samband að þessu sinni og vona ég að við getum tengt ykkur við hina stöðina bráðum, var hér einnig samband við hershöfðingja sem sagði frá innrásum á frumlífs hnetti og styrjöldum sem urðu næstum því að gjöreyðingar styrjöldum.

Og vil ég koma því að hér í kvöld að kjarnorku ógnin sem vofir yfir ykkur er öll frá Jahve komin og er það ekki í fyrsta skipti sem hann hefur beitt þeim vopnum á jörðina, þar sem Sódóma og Gómorra voru þannig samfélög í fyrndinni og var vissulega beitt þannig vopnum og voru þar landsvæði óbyggileg um hundruð ára ef ekki þúsundir.

Og er þar enn geislavirkni ef við gætum sagt ykkur frá staðsetningunni nákvæmlega og erum við algerlega á móti slíkum vopnum og hefur Jahve att sínum herjum á móti trúarhópum sem berjast innbyrðist og ógna lífi hnattarins.

Já, finn ég einhverja truflun, verð ég að kveðja ykkur að sinni, vildi ég gjarnan koma síðar og fjalla um mitt líf á breiðari grundvelli og friðsamlegri, verð ég nú að kveðja, þakka ég kærlega fyrir mig, verið þið sæl.

*Vertu blessaður Sigurður Haukur.*